

verk, og þess vegna skirrumst vér þeirrar ábyrgðar, að ofsækja þá og lífláta, þar sem vér höfum ekkert sterkara til að styðjast við, en óvissu eina.

JAMES ANTONY FROUDE.

Stundum eins og sólskinsblettur, er líður sem vindblær yfir þenna þokuvafða heim, stundum eins og skuggi eins einasta skýs á hinu mikla geislahafi alheimsins. Hvort heldur er þetta líf? Hvort heldur er það, eins og saxneska skáldið sagði, sem farfugl, er flýgur inn í skálann framan úr myrkrinu og jafn-skjótt aftur út í myrkrið? Eða er það skuggi í ljósheiminum, er aldrei getur stigið út fyrir skuggann sinn?

Sumir segja að ekkert ljós sé til í sjáltru sér. Geimurinn, loftið bláa, sem vér horfum upp í—svo ómælilega langt út í —burt héðan af þessari jörð, sé að eins eitt ómælanlegt myrkur. Aðrir segja nei, það sé eitt ljóshaf. Þar lýsi sól af sól og stjarna af stjörnu. Undir þessar ræður safnast menn og hlusta. Meðan brosir sólin ýmist í heiði eða felur sig á bak við ský. Meðan þýtur vindurinn og gnauðar við gluggana yfir hvílurúnum þeirra lifendu, sem beri hann kveðju frá hinum horfnu ströndum, og blæs á reyrstráin, er vaxið hafa upp af gröfnni. Meðan fýkur moldin og jafnar allt,—öll sporin, er stigin hafa verið í sandinn. Meðan deyr kvöldroðinn í vestri og fellur eins og andvana lík ofan í—hafið.

Það er grafið.

Um leið og vér sendum út þetta 5. númer Heimis, viljum vér biðja þá af útsolumönnum vorum viðsvegar út um bygðirnar, sem ekki hafa enn gjört oss nein skil, að senda okkur nöfn þeirra, er gjörst hafa áskrifendur, ásamt því er þeir hafa innheimt fyrir þá. Vér þökkum öllum þeim, sem greitt hafa götu Heimis og vonumst eftir að geta látið hann þroskast upp á við og séð um, að hann verði ekki vonbrigði þeim mörgu, er hafa eða ætla sér drengilega að styrkja hann.

663 Furby St. Winnipeg, Man.

B. PÉTURSSON, Business Manager.